

Nesfréttir

APRÍL 2020 • 4. TBL. • 33. ÁRG. • www.borgarblod.is

Erum einnig á visir.is



Opið
8-24
alla daga
Á EIDISTORGI
HAGKAUP

SELTJARNARNESBÆR

www.seltjarnarnes.is



Tilhugalíf á Nesinu

Lífið heldur áfram við Bakkatjörn á Seltjarnarnesi. Talsvert hefur verið um álftrí við tjörnina í vetur og í lok mars tók Halldór Pétur Þrastarson þessa mynd af tveimur álftrím. Þær létu samkomubannið ekki trufla sig og nálguðust hvor aðra á sinn hátt.



Erum á Óðinsgötu 1

Sjá nánar á facebook.com/Systrasamlagid
Netverslun: systrasamlagid.is



**KOMDU MEÐ BÍLINN
Í TJÓNASKOÐUN**

Vottað réttinga- og málningarverkstæði

GB Tjónaviðgerðir er réttinga- og málningarverkstæði vottað af Bilgreinasambandinu. Við tryggjum hámarksgæði með því að nota fyrsta flokks tækjabúnað og efni. Styðjumst við tækniupplýsingar framleiðanda um hvernig skuli staðið að viðgerð.



Tjónaskoðun

Við skoðum bilinn og undirbúum tjónamatið sem sent er til tryggingafélaga.



Rétting og málning

Við vinnum eftir stöðlum framleiðanda og notum aðeins viðurkennd efni og tækjabúnað sem stenst ítrustu kröfur.



Framrúðuskipti

Skiptum um framrúður og önnurnum annars konar rúðuskipti. Sjáum um öll rúðutjón jafnt límdar rúður sem og aðrar, ásamt glerhreinun á bil.



Smáviðgerðir

Samhlíða viðgerðum getum við skoðað ástand helstu slitflata og öryggisþátta, s.s. bremsur.



Dragháls 6-8
110 Reykjavík
sími 567 0690
netfang tjon@tjon.is
www.tjon.is

Nesfréttir

www.borgarblod.is

ÚTGEFANDI: Borgarblöð ehf, Eiðistorgi 13-15, 172 Seltjarnarnes, Pósthólf 171. S: 511 1188 • 552 1953 • 895 8298

RITSTJÓRI: Kristján Jóhannsson • ÁBYRGÐARMADUR: Kristján Jóhannsson

BLAÐAMAÐUR: Þórður Ingimarsson UMBROT: Valur Kristjánsson

NETFANG: borgarblod@simnet.is • HEIMASÍÐA: borgarblod.is

Nesfréttir koma út mánaðarlega og er dreift frítt í hvert hús á Seltjarnarnesi

Leiðari

Framkvæmdir og tekjur

Ýmsar framkvæmdir eru fyrirhugaðar á Seltjarnarnesi á komandi sumri. Einkum framkvæmdir við ýmiskonar viðhald. Þrátt fyrir veirufaraldur og ófyrirsjáanlegar afleiðingar á efnahagslíf hins opinbera jafnt sem annarra er nauðsynlegt að slá ekki slöku við.

Ífundargerð bæjarstjórnar kemur fram að leggja verði áherslu á að koma byggingaverkefnum við Bygggarða af stað. Þetta verkefni er búið að vera í undirbúningi árum saman. Nú fyrst eru framkvæmdir í auglýsingu.

Með um 500 manna byggðakjarna við Bygggarða munu nýir möguleikar skapast. Seltirningum mun fjölga. Yngra fólk mun að líkindum setjast þar að. Greiðendum til bæjarfélagsins mun fjölga. Fjölbreytni mun færa í mannlífið.

Ætlinin er að hefja undirbúning að breytingum á deiliskipulagi sem nauðsynlegar eru vegna fyrirhugaðrar byggingar nýs leikskóla. Í leikskólamálinu er hugsað stórt og djárft tefld. Verði byggður nýr leikskóli eftir verðlaunatilöggu Andrúms má heita ljóst að fullkomnast leikskóli á landinu verður á Seltjarnarnesi.

Nýlega lauk yfirferð Haraldar Línald Haraldssonar á fjármálum Seltjarnarnesbæjar. Sú yfirferð sýndi að spara má nokkuð í rekstri bæjarfélagsins.

Framkvæmdaáætlun Seltjarnarnesbæjar árið 2020



Bæjaryfirvöld á Seltjarnarnesi ætla að færa fyrirhugaðar viðhaldsframkvæmdir í stofnunum bæjarins fram á árið og nýta þannig það svigrúm til framkvæmda sem myndast við takmarkaða starfsemi stofnana í samkomubanni. Möguleikar eru til að auka stofn- og endurbótaverkefni úr fjárhagsáætlun 2020 og þrjú ára áætlun.

All margar framkvæmdir eru fyrirhugaðar. Bygging sambýlis með þátttöku ríkisins. Endurbætur á gulu álmu í Mýrarhúsaskóla. Malbikunarframkvæmdir verða á Nesvegi og Lindarbraut til að auka öryggi vegfarenda. Hefja gerð hjólastígs við Nesveg í samvinnu við Vegagerðina. Gera á endurbætur á félagsheimilinu. Gert er ráð fyrir að hefja deiliskipulagsvinnu varðandi nýjan leikskóla. Nefna má viðhald á göngu- og hjóleiðastígum og flýta á viðhaldi og endurnýjun lagna. Fara á í samgönguframkvæmdir í samræmi við samgöngusáttmálann s.s. göngu- og hjólastíga og endurnýjun umferðarljósá eins og samningurinn gerir ráð fyrir. Vinna á að því að ná samningum við ríkið til að yfirtaka húsnæði bæjarins við Safnatröð fyrir Náttúruminjasafn Íslands í samráði við niðurstöðu vinnuhóps sem hafði málið til skoðunar hjá ráðuneytinu. Fjölga á störfum í sumarvinnu og vinna að því að tryggja fjölbreytt og gagnleg sumarstörf fyrir öll ungmenni á vegum Seltjarnarnesbæjar sumarið 2020. Aukin útgjöld vegna annarrar vinnu með stuðningi Vinnumálastofnunar eins og eftir hrun, sem myndi þá greiða atvinnuleysisbætur á móti þarf að skoða með ríkinu og Vinnumálastofnun.

Skoða þarf hvernig hægt verður að styðja við Íþróttafélagið Gróttu og verja rekstur félagsins. Áfram á að vinna með ábendingar og tillögur HLH ehf., varðandi rekstur bæjarins.

Áhersla á velferð

Fjölskyldusvið verður falið að safni gögnum um þróun aðstæðna hjá einstaklingum og fjölskyldum næstu mánuði til að leggja grunn að frekari tillögugerð í samráði við hagsmunaaðila. Stofnaður verður faghópur innan sveitarfélagsins og milli sveitarfélaganna með sérstakri áherslu á börn og menntun þeirra, barnafjölskyldur, fatlað fólk, eldra fólk, atvinnulausa og viðkvæma og útsetta hópa.

Efla fræðslu og upplýsingar til fatlaðs fólks og huga sérstaklega að þeim sem eiga heimili á sambýlum. Lögð verður áhersla á velferð bæjarbúa, afkomu þeirra og að halda úti órofinni grunnþjónustu bæjarfélagsins. Myndað verði samvinnuteymi með heilsugæslunni og velferðarsviði bæjarins, auk grunn- og leikskóla til að miðla upplýsingum til bæjarbúa og sérstaklega til þeirra sem falla undir viðkvæma hópa. Lögð verður áhersla á mjög virka upplýsingamiðlun til bæjarbúa í gegnum vef bæjarins um aðgerðir og þjónustu. Bæjarráð leggur auk þess áherslu á eflingu skapandi greina og nýsköpun og tækni. Þá er lögð áhersla á að hraða uppbyggingu Bygggarðahverfisins.

FALLEGIR LEGSTEINAR



Opið: 10-17
alla virka daga

Verið velkomin

Bergsteinar
legsteinagerð

Auðbrekku 4, 200 Kópavogi, sími: 537-1029, www.bergsteinar.is



EYECARE



Byltingarkennd nýjung í margskiptum glerjum

50–65%
stærra
lessvæði



Velkomin
í nýja
verslun
okkar á
Hafnartorgi



SJÓNMAELINGAR
Tímapantanir: 528 8505

Optical Studio
HAFNARTORGI

Farið í deiliskipulag vegna nýs leikskóla



Verðlaunatillegan frá Andrúum arkitektum.

Skipulags- og umferðarnefnd Seltjarnarness telur að ekki þurfi að breyta aðalskipulagi bæjarins við hönnun á nýjum leikskóla.

Bæjarstjóri hefur lagt til að farið verði í vinnu við gerð deiliskipulags og að Andrúum arkitektar verði fengnir til að vinna verkið. Bæjarráð samþykkir að vinna við deiliskipulag verði sett í gang strax.



Innheimtureglur endurskoðaðar

Innheimtureglur Seltjarnarbæjar verða endurskoðaðar tímabundið og þjónustugjöld verða ekki færð í milliinnheimtu.

Fjármálastjóra bæjarfélagsins hefur verið falið að gera tillögu að tímabundnum reglum varðandi innheimtu þjónustugjalda. Markmiðið er að auka sveigjanleika í ljósi núverandi ástands, innheimta verði sanngjörn og dráttarvextir og kostnaður í lágmarki. Gjöld vegna leikskóla, grunnskóla og frístundar verði lækkuð, felld niður eða leiðrétt í samræmi við skerðingu þjónustu vegna afleiðinga af COVID-19. Bæjarstjóra verður falið að útfæra m.v. samþykkt bæjarstjórnar frá 27.3.2020.

BÍLAVIÐGERÐIR GRANDA

S: 562 5999



S: 669 5999

FISKISLÓÐ 83 - 101 REYKJAVÍK

Gjalddögum fasteignagjalda fjölgað

Gjalddögum fasteignagjalda ársins verður fjölgað á Seltjarnarnesi til að létta mánaðarlega greiðslubyrði íbúa og atvinnulífs.

Eftirstöðvum ógjaldfallinna fasteignaskatta og fasteignagjalda ársins fyrir íbúðar- og atvinnuhúsnæði verður dreift á mánuðina apríl/maí til desember og mun því gjalddagi fasteignagjalda í apríl færast til 15. maí 2020 með eindaga 15. júní.

Þetta er gert til þess að létta undir með þeim aðilum sem nú þegar hafa fundið fyrir eða munu finna fyrir tekjufalli vegna þeirra efnahags aðstæðna sem nú ríka.



FERSKUR FISKUR DAGLEGA

MIKIÐ ÚRVAL SPENNANDI FISKRÉTTA

VERIÐ VELKOMIN



Nesvegur 100
Símar 562-1070, 896-4243
Opíð virka daga kl. 10 - 18:30



40%
GLÖÐ

100% EINS OG HÚÐIN
100% ÞÚ

35%

GLETTIN

25%

DREYMIN

NÝTT NIVEA Q10 POWER EXTRA NOURISHING

MEÐ LÍFRÆNNI ARGAN OLÍU + Q10 EINS OG ER Í HÚÐINNI

ENDURNÝJAR VARNIR HÚÐARINNAR
GEGN ÓTÍMABÆRRI ÖLDRUN

- ✓ STINNARI HÚÐ Á 2 VIKUM
- ✓ MINNI HRUKKUR Á 4 VIKUM
- ✓ DJÚPNÆRIR ÞURRA HÚÐ



Ábyrg stjórnun á alvarlegum tímum

Þekktur athafnamaður og heimspekingur hefur gefið þeim, sem eiga við ósanngjarna andstöðu að glíma, eftirfarandi ráð:

- Geispaðu, þegar lastað er!**
- Brostu, þegar misskilið er!**
- Hlæðu, þegar vanmetið er!**
- Hunsaðu, þegar fordæmt er!**
- Fagnaðu, þegar ófundað er!**
- Sigraðu, þegar veitt er andstaða!**

Þessi heilræði koma upp í hugann þegar hlýtt er á málflutning stjórnarandstöðunnar í bæjarstjórn Seltjarnarness. Fulltrúum Samfylkingar og Neslistans/Viðreisnar virðist ekki enn hafa lærst að lesa í ársreikning bæjarins. Hann var afgreiddur með afgangi upp á 6 milljónir króna á fundi bæjarstjórnar 13. apríl síðastliðinn. Reikningurinn fyrir árið 2019 ber það með sér að nettó skuldahlutfall bæjarins er með því lágsta sem gerist hjá sveitarfélögum. Ársreikningurinn uppfyllir öll skilyrði sveitarstjórnarlaga um ábyrga fjármálastjórn. Það er óumdeilt samkvæmt reikningnum og því fánýtt um það að deila. Seltjarnarnesbær stendur vel miðað við aðra til þess að fást við það áfall sem heimsfaraldur kórónuveirunnar hefur í för með sér. Fjárhagsstaða bæjarins er mjög sterk miðað við venjulegt árferði, en auðvitað mun mæða á henni í þeirri miklu niðursveiflu efnahagslífs sem því miður er framundan.

Tölum uppbyggilega!

Skynsamleg og yfirveguð viðbrögð og örugg stjórnun af hálfu bæjaryfirvalda og annarra stjórnvalda skipta máli á þeim tímum mikillar óvissu sem nú ríka. Yfirstjórnir sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu eru að vinna saman á mjög jákvæðan máta til þess að fást við ástandið. Á sama tíma þarf meirihlutinn í bæjarstjórn Seltjarnarnesbæjar að sitja undir þeim áróðri frá minnihlutunum að „óráðsía“ og „óstjórn“ sé í fjármálum bæjarfélagsins og stjórnendur hafi undanfarin ár „hlaðið upp skuldum“ vegna fjárfestingarákvarðana og hallareksturs. Upphrópanir þessar hafa ekki verið rökstuddar og gera því lítið gagn á alvörutímum. Líklega er best

að hunsa slíkt fjas, og snúa sér að brýnni verkefnum, en það kæmi líka til greina að brosa eða hlæja við því, samanber heilræðin hér í upphafi greinar.



Ásgerður Halldórsdóttir.

Það vantar ekki að minnihlutinn státi sig á tyllidögum yfir framkvæmdum meirihlutans eins og byggingu nýs hjúkrunarheimilis og stækkun á íþróttamiðstöð svo dæmi séu tekin. Hið brolega er að hann neitar að skilja samhengi hlutanna og talar um skuldasöfnun meirihlutans. Margoft hefur þó verið reynt að upplýsa að skuldir bæjarins hafa ekki aukist, ríkið greiðir stóran hluta af byggingu hjúkrunarheimilis og leigusamningur við Reykjavíkurborg til 20 ára greiðir niður kostnað við stækkun íþróttamiðstöðvar.

Minnihlutinn talar um að vinnubrögð meirihlutans og mín sem framkvæmdastjóra séu ekki til þess fallin að auka traust bæjarbúa á fjármálastjórn bæjarins. Slíkt tal má leiða hjá sér þegar þess er gætt að eina tillaga minnihlutans sem ítrekuð hefur verið undanfarin misseri er að hækka útsvarið, leggja enn meiri álögur á bæjarbúa á þessum erfiðu tímum.

Stöndum vaktina!

Stjórnendur bæjarins vinna eftir metnaðarfullri þjónustustefnu bæjarstjórnar í málefnum sem snerta leik-, grunn- og tónlistarskóla og velferðarmál. Bæjarbúar er almennt ánægðir með þjónustu bæjarins eins og skoðanakönnun Gallup hefur margoft leitt í ljós. Við þurfum að halda áfram að axla ábyrgð sem bæjarfélag og tryggja að sú grunnþjónusta sem bærinn veitir verði órofin á þessum erfiðu tímum. Ganga má út frá því sem vísu að vaxandi atvinnuleysi muni hafa áhrif á rekstur bæjarins. En rekstur bæjarins er eitt, sálræn áhrif á einstaklinga vegna langvarandi atvinnuleysis er annað og alvarlegra mál. Það getur haft veruleg áhrif á andlega heilsu fólks og félagslega stöðu þess til langframa. Miklu skiptir einnig að halda vel utan um starfsfólk bæjarins, þá sérstaklega í leik- og grunnskólum, sem haldið hafa úti skólasterfi hjá okkur á þessum hverfulu tímum.

Takmarkanir á samkomum vegna yfirstandandi faraldur COVID-19 voru fyrst settar þ. 13. mars sl. af heilbrigðisráðherra. Það hefur gengið vel að hindra framgang veirunnar hér á landi. Það sameiginlega átak hefur valdið miklu álagi á íbúa þessa lands. Ég vil því segja við íbúa Seltjarnarnesbæjar: Við munum standa vaktina með okkar góða starfsfólki. Við munum reyna að upplýsa bæjarbúa eins oft og þörf krefur hvað varðar þjónustu hjá bænum. Fylgist því vel með heimasíðunni www.seltjarnarnes.is.

Jákvæðni og bjartsýni!

Sjálftæðisflokkurinn hefur verið kosinn af bæjarbúum í mörg ár til þess að stýra bænum. Bæjarbúar hafa treyst því fólki og um leið mér sem oddvita að fylgja eftir lögboðnu hlutverki sveitarfélaga og stefnuskrá flokksins. Það má vel vera að þróun mála verði með þeim hætti að bæjarfélagið verði að sveigja starfsemi sína meira og minna að glímunni við afleiðingar faraldursins. Við munum leysa það verkefni með jákvæðni og bjartsýni að leiðarljósi.

Um leið þurfum við að halda áfram að vera til, gleðjast og hlakka til sumarsins! Seltirningar hafa verið mjög duglegir að ferðast um Nesið okkar, höldum því áfram!

Gleðilegt sumar!

Ásgerður Halldórsdóttir bæjarstjóri.





Frá Tónlistarskóla Seltjarnarness

**Nú stendur yfir innritun í
Tónlistarskóla Seltjarnarness
fyrir skólaárið 2020-2021.
Innritunin stendur til 15. maí og
fer fram á www.seltjarnarnes.is
undir **Minar síður** í hægra horni efst.
Nánari upplýsingar á skrifstofu skólans
alla virka daga frá kl. 11:00 - 15:00**

Skólastjóri

Tónlistarskóli Seltjarnarness við Skólalabraut
Sími 5959-235 • tonlistarskolinn@seltjarnarnes.is
www.seltjarnarnes.is/tonlistarskoli

Nesdekk - í næsta nágrenni!

Réttu dekkinn draga fram bestu
eiginleika bílsins og veita
hámarks öryggi.

Fáðu ráðleggingar fagmanna
við val á réttum dekkjum.



Viðtal við Árna Heimi Ingólfsson

Seltjarnarnes er góður vinnustaður



Árni Heimir staddur í Hörpunni musteri tónlistarinnar á Íslandi.

Árni Heimir Ingólfsson, tónlistarmaður og tónlistarfræðingur var útnefndur bæjarlistamaður Seltjarnarness 2020 við hátíðlega athöfn á Bókasafni Seltjarnarness. Árni Heimir er 24. bæjarlistamaðurinn á Seltjarnarnesi til að hljóta þessa heiðursnafnbót. Árni Heimir hefur starfað að tónlistarmálum með margvíslegum hætti á undanförunum árum. Hann hefur starfað sem tónlistarfræðingur, kennari, píanóleikari, kórstjóri og sem listrænn ráðgjafi Sinfóníuhljóm-sveitar Íslands. Hann stundaði nám við Tónlistarskólann í Reykjavík og Menntaskólann við Hamrahlíð og lauk síðan BM-námi í píanóleik frá Oberlin-tónlistarháskólanum árið 1997 og doktorsprófi í tónlistarfræði frá Harvard-háskóla árið 2003. Árni Heimir er okkar helsti fræðimaður á sviði íslenskrar tónlistarsögu. Hann hefur haldið fyrirlestra, ritað greinar og gefið út þrjár um tónlist og tónlistarsögu. Í lok síðasta árs kom út hér á landi bókinn Tónlist liðinna alda en einnig kom út eftir hann í Bandaríkjunum bókinn Jón Leifs and the Musical Invention of Iceland. Fyrsta bók Árna Heimis, Jón Leifs – Líf í tónum, var tilnefnd til Íslensku bókmenntaverðlaunanna í flokki fræðiritra 2009 og Saga tónlistarinnar – Tónlist á Vesturlöndum frá miðöldum til nútímans hlaut sömu tilnefningu 2016. Árni Heimir spjallar við Nesfréttir að þessu sinni.

Árni Heimir er tiltölulega nýkominn á Seltjarnarnesið, fluttist þangað fyrir rúmum tveimur árum. Hann segir tilviljun að mestu hafa ráðið því að Nesið varð fyrir valinu. „Ég var búinn að leita talsvert lengi að litlu einbýli og fann á endanum hús sem hentaði mér. Því fylgja nefnilega vissir ókostir fyrir hljóðfæraleikara að búa í fjölbýli. Hér get ég sest við hljóðfærið þegar mér hentar án þess að það trufla nokkurn mann. Íbúðin mín í

Laugardalnum var líka orðin of litil. Ég er mikill áhugamaður um gömul hljóðfæri og á sjálfur þrjú hljóðfæri sem taka sitt pláss. Eitt þeirra er „venjulegur“ flygill, en svo er ég líka með sembal, sem var vinsælt hljómborðshljóðfæri á 17. og 18. öld, og ég á líka eftirgerð af flygli frá því um 1790, þ.e.a.s. hljóðfæri eins og Mozart og Beethoven þekktu og sömdu verk sín fyrir. Svona gamalt hljóðfæri er allt öðruvísi en nútímaflyglar, þetta gamla

er töluvert smærra, allt úr viði og áslátturinn léttari. Mér finnst mjög áhugavert umhugsunarefni hvernig hljóðfæri á hverjum tíma hafa áhrif á hugsun tónskálda, beina hugmyndum þeirra í ákveðin farveg og hafa þannig beinlínis áhrif á útkomuna. En með allan þennan fjölda af hljóðfærum var auðséð að ég þyrfti óvenjustóra stofu til að koma þeim öllum fyrir,“ segir Árni Heimir og brosir. Hann nefnir líka dálæti sitt á náttúrunni á Nesinu. „Ég er Reykjavíkurbarn, ólst upp í Hlíðunum og gekk í MH. Ég hafði því engin tengsl við Seltjarnarnes fyrr en ég fann þetta hús yst við Nesbala. En ég hef heldur ekki orðið fyrir vonbrigðum. Ég hef gott pláss fyrir hljóðfærin og síðan er ég í nánnum tengslum við náttúruna. Ég hef útsýni út á sjóinn og svo er ég líka mikið fyrir að fara út að ganga og hlaupa í náttúrunni. Ég var við nám í Bandaríkjunum í níu ár og þar upplifði ég kosti þess að slaka á og safna orku með því að hreyfa mig. Hér get ég bæði gengið og hlaupið í nágreinninu. Það er gott að anda að sér fersku sjávarloftinu á Nesinu og fara svo inn í hús og setjast við hljóðfærið eða tölvuna.“

Sagan heillaði til jafns við tónlistina

Árni Heimir kveðst hafa heillast af tónlist sem barn, en hann hóf píanónám sjö ára gamall. Samhliða hljóðfæraleik hefur hann stundað rannsóknir tengdar tónlistarsögu. „Snemma á unglingsárunum fékk ég mikinn áhuga á sagnfræði tónlistarinnar, hún heillaði mig til jafns við tónlistina sjálfa. Mér fannst ég ekki fullnægja þörf minni með því að vera bara píanóleikari. Þannig að eftir stúdentspróf fór ég til Bandaríkjanna þar sem ég gat stundað nám í hvoru tveggja. Því miður erum við Íslendingar alltof aftarlega á merinni hvað varðar rannsóknir og almenna vitneskju um tónlistararf þjóðarinnar, en ég hef þó reynt að leggja mitt af mörkum hvað það varðar. Ég hef skrifað þrjár bækur á íslensku. Sú fyrsta kom út árið 2009 og var ævisaga Jóns Leifs, en hann var fyrsta atvinnutónskáld Íslendinga. Saga hans er á margan hátt mjög dramatísk og átakanleg. Þótt auðvitað sé alltaf mjög krefjandi að skrifa bók naut ég þess samt líka og af því viðtökurnar voru góðar ákvað ég að halda áfram á svipaðri braut. Bókin vakti líka athygli út fyrir landsteinana og í fyrrahaust kom út í Bandaríkjunum ensk útgáfa sem hefur fengið frábærar viðtökur og ég er mjög stoltur af. Árið 2016 kom út það sem ég er viss um að verður alltaf mín stærsta bók, Saga tónlistarinnar, yfirlit yfir tónlistarsöguna frá upphafi til samtímans. Ég fæ stundum svoltið brjálaðar hugmyndir og þetta var tvímælalaust ein þeirra. Mér fannst að svona bók ætti að vera til á íslensku og þá var ekki um annað að gera en að skrifa hana sjálfur. Fyrir síðustu jól kom svo út bókinn Tónlist liðinna alda, sem fjallar um íslenska tónlistarsögu út frá þeim gömlu sönghandritum sem hafa varðveist í söfnum víðs vegar um heiminn.“

Breyting um 1900

Kom Árna Heimi á óvart hvað Íslendingar eiga mikla sögu tengda tónlistinni? „Já, að vissu leyti. Sumar nótnabækurnar sem Íslendingar skrifuðu hér fyrir á öldum eru algjörir dýrgripir, að fullu sambærilegir við það sem gerðist úti í heimi. En tónlistariðkun hér gekk í bylgjum, stundum var hún öflug en svo komu líka erfiðari tímabil þegar ekki gafst mikill kostur á slíku. Það var að vissu leyti ákveðin lægð á 18. og 19. öld, en þó ekki alveg því að þjóðlagasöngur blómstraði þá og það má ekki gera lítið úr þeirri



Árni Heimir tekur við útnefningu sem bæjarlistamaður Seltjarnarness 2020. Frá vinstri Ásgerður Halldórsdóttir bæjarstjóri, Árni Heimir Ingólfsson bæjarlistamaður og Guðrún Jónsdóttir formaður Menningarmálanefndar Seltjarnarness.

merku hefð, sem við því miður glutruðum niður við upphaf 20. aldar. En á sama tíma fór áhugi og iðkun á klassískri tónlist vaxandi, hljóðfærum fjölgaði og kunnáttan fylgdi á eftir. Fleiri fóru að læra hljóðfæraleik og við eignuðumst menntastofnanir í tónlist. Frá 1920 má segja að tónlistin hafi verið hér í sífældri þróun.“

Menningarlegur stríðsgróði

Eitt tímabil í sögunni sem augljóslega heillar Árna Heimi er skeiðið um og eftir heimsstyrjöldina síðari, 1939 til 1945, þegar hámenntað tónlistarfólk frá Þýskalandi kom hingað og settist að. „Já, það komu hingað allnokkrir erlendir tónlistarmenn sem mótuðu listalífið hér á landi. Þetta voru menn sem flýðu undan nasisma Hitlers, þeim var ekki vært í heimalandinu og horfðu sem lengst til norðurs í von um að eiga hér skjól og lífsvon. Þeir samsömuðu sig Íslandi, lærðu tungumálið og höfðu hér gífurleg áhrif. Þessi kafli í íslenskrari tónlistarsögu hefur verið vanræktur, kannski af því að við viljum frekar telja okkur trú um að sá árangur sem hefur náðst sé allur Íslendingum að þakka. Ég er á vissan hátt á milli verkefna núna, er enn að ná áttum eftir að hafa gefið út tvær bækur í fyrrahaust, en mér finnst ekkert ólíklegt að ég muni rannsaka og skrifa um feril

þessara manna. Þeir komu hingað allslausir og urðu að koma undir sig fótunum í nýju landi. Þeir gerðu það með tónlistinni. Einn þeirra, Victor Urbancic, var sjálfur kaþólikki en var giftur konu af gyðingættum. Það var nóg til þess að honum var ekki vært í heimalandinu fyrir nasistum. Urbancic kom frá Vínarborg, var þrautþjálfaður og vel menntaður stjórnandi og stjórnaði fjölda tónleika hér á landi allt frá árinu 1938. Róbert Abraham Ottósson flúði hingað frá Berlín, hann stjórnaði bæði kórum og hljómsveitum og var auk þess fyrsti menntaði fræðimaður okkar í tónlist. Það voru þessir tveir menn sem mest stjórnðu tónleikum Sinfóníuhljómsveitarinnar fyrstu misserin, árið 1950 og þar um bil. Heinz Edelstein var líka í þessum hópi. Hann spilaði í Sinfóníunni en stuðlaði líka að því að börn fengju tækifæri til þess að læra tónlist og stofnaði Barnamúsíkskólann í Reykjavík. Þessir menn tóku ástfóstri við land og þjóð og sýndu ótrúlega þolinmæði við að byggja upp kóra, hljómsveitir og tónlistarmenntun. Þetta er sá menningarlegi stríðsgróði sem við nutum af þessum erfiða tíma og hann er ekki síðri en hinn efnislegi. Þetta er verðugt rannsóknarefni. Mig er farið að klæja svolítið í fingurna að fást við það.“



Árni Heimir lék á flygil Bókasafns Seltjarnarness að afhendingu lokinni.

Ekki hægt að meta list eingöngu út frá hagrænum mælikvörðum

Árni Heimir segir Íslendingum hafa tekist að virkja áhuga á tónlist og sköpunarmátt á jákvæðan hátt. Þegar eitthvað gangi vel á alþjóðlegan mælikvarða, sama hvort er í íþróttum, listum eða nú síðast í sóttvörnum, myndist oft einskonar hópefli meðal þjóðarinnar. „Þegar þetta gerist í listinni verður það okkur til framdráttar. Íslendingar hafa til dæmis upp til hópa fyllst stolti yfir velgengni Vikings Heiðars Ólafssonar, Hildar Guðnadóttur og fleiri mætti nefna. Við eigum marga frábæra söngvara og tónlistarmenn í ýmsum greinum, og mér finnst yfirvöld mennta- og menningarmála vera orðin meðvitaðri um gildi listarinnar fyrir allt samfélagið en áður var. Allt þetta hefur gerst á skömmum tíma. En við þurfum að muna að listin er sérstakt fyrirbæri og um hana gilda ekki sömu mælikvarðar og á aðra þætti mannlífsins. Þar má til dæmis nefna hagkerfið. Undanfarin ár hefur verið áberandi umræða um hvernig megi mæla hin hagrænu áhrif lista og menningar. Auðvitað er menning mikilvægur hluti hagkerfisins og leggur mikið til þjóðarþúsins. En við megum ekki gera of mikið úr hinum hagrænu mælikvörðum, því að listin snýst í grunninn um eitthvað annað og meira. Það er ekki hægt að setja verðmiða á kjarna listarinnar. Listin dýpkar upplifun manns af lífinu sjálfu – ef maður er svo heppinn að eiga slík augnablik

og að vera móttækilegur fyrir þeim – en það er ekki hægt að verðleggja slíka upplifun. Þó getur hinn hagræni mælikvarði orðið til þess að stjórnsýslan taki við sér og sjái að það framlag sem sett er í listir kemur margfalt til baka, og það er í sjálfu sér af hinu góða.“

Framtíðin óviss en Nesið er góður vinnustaður

Árni Heimir segir erfitt að spá fyrir um framtíðina og erfiðara í dag, í miðjum kórónufaraldri, en oft áður í sögunni. „Ef ég lít á mínar eigin aðstæður þá var ég í vetur gestafræðimaður við Yale háskólann í Bandaríkjunum, og átti að vera þar fram í júlí. Um miðjan mars var skólanum hreinlega lokað og því er ég kominn heim fyrr en ætlað var. Ég held töluvert af fyrirlestrum erlendis en þeim hefur auðvitað öllum verið aflýst, bæði fyrirlestrum sem ég átti að halda við bandaríska háskóla og sömuleiðis ráðstefnu í Tékklandi þar sem ég átti að halda erindi. En þetta er nú bara léttvægt í hinu stóra samhengi og ég er þakklátur fyrir að vera á Íslandi á meðan þetta gengur allt yfir. Í raun krefst starf tónlistarmannsins og rithöfundarins líka einveru og að því leyti hefur lífið furðulega lítið breyst þrátt fyrir þessar skrytnu aðstæður. Hvort sem maður er að æfa og spila á hljóðfæri, eða að grúska og skrá söguna er maður einn með sjálfum sér. Því er gott að geta komist út til að ganga eða hlaupa. Það er auðvelt þar sem ég bý á Seltjarnarnesi. Nesið er hinn fullkomni vinnustaður að því leyti.“



Grant Thornton

Endurskoðun • Skattur • Ráðgjöf

www.grantthornton.is

Grant Thornton endurskoðun ehf. er íslenskt aðildarfélag Grant Thornton International Ltd., sem er eitt af fremstu alþjóðlegu samtökum sjálfstæðra endurskoðunar og ráðgjafarfyrirtækja. Grant Thornton endurskoðun ehf. sérhæfir sig í að aðstoða rekstraraðila við að nýta tækifæri til vaxtar og bættrar afkomu með skilvirki ráðgjöf. Framsýnn hópur starfsmanna, undir stjórn eigenda, sem ávallt eru aðgengilegir viðskiptavinum, nýta þekkingu og reynslu sína til að greina flókin málefni og finna lausnir fyrir viðskiptavinum sínum, hvort sem það eru einkarekin, skráð félög eða opinberar stofnanir. Yfir 35.000 starfsmenn Grant Thornton fyrirtækja í meira en 100 þjóðöldum, leggja metnað sinn í að vinna að hag viðskiptavina, samstarfsmanna og samfélagsins sem þeir starfa í.

Skólastarf á tímum Covid19



Sigrún Edda Jónsdóttir

Á fjárfundi skólaneftdar 1. apríl var farið yfir skólastarf á tímum Covid19 sem hefur verið að mörgu leyti óvanalegt.

Það má segja að skólastarf hafi tekið stakkaskiptum á þessum fordæmalausu tímum og mikil framfaraskref verið stigin í notkun tækninnar þegar á hefur þurft að halda.

Mikið hefur mætt á öllu starfsfólki skólasamfélagsins okkar þessa dagana við að láta skólastarf ganga upp eins og best er hægt að gera þessa dagana.

Í tónlistarskólanum fer stór hluti kennslu fram í gegnum fjarkennslu en flestir kennarar þar hafa nýtt sér kosti fjarkennslu til að halda uppi kennslu í skólanum. Í einhverjum tilfellum mæta nemendur í skólann og er þá gætt fyllsta öryggis og fjarlægðarmörk virt.

Í grunnskólanum mæta börn alla daga í skólann þó í takmarkaðan

tíma í senn en aldurskipt er í skólanum og gefinn rúmlegur tími milli hópa. Nemendur eru aldrei fleiri en 20 í hóp og eru hópar í sínum afmörkuðu stofum þar sem öll kennsla fer fram. Leitast hefur verið við að halda kennsluáætlunum eins og frekast hefur verið unnt við þessar aðstæður. Þess ber að geta að á meðan verkfall Eflingar stóð yfir var ekkert skólastarf um tíma en á meðan á því stóð nýttu kennarar sér Google Classroom eftir bestu getu en á yngstu stigum var haft samband við nemendur símlíðis ef ekki var mögulegt að nýta fjarkennslu. Þannig var haldið utan um heimanám nemenda á meðan á verkfalli stóð og hægt var að fylgja eftir verkefnum. Námskeið var haldið fyrir kennarahópinn um notkun á Google Classroom til að allir væru tilbúnir í breytta kennsluhætti þegar á þurfti að halda.

Leikskólinn hefur verið opinn alla daga og fá börn að mæta annan hvorn dag og er skólastarf á milli 8 og 16:15 svo viðbótarþríf

og sóttþreinsun náist á milli hópa. Börn foreldra í forgangshópum hafa rétt á að mæta í skólann alla daga, eftir því sem þörf hefur verið á, og heimild hefur verið gefin til að þau börn mæti með báðum hópum en listi yfir forgangshópa var gefinn út af Almannafræðingum Lögreglustjóra. Skólastarf hefur gengið ljómandi vel og hafa allir lagt sitt af mörkum til þess að láta skipulagið ganga. Ávallt er haft samband við sóttvarnarlækni ef einhver álitamál koma upp til þess að vita hvernig bregðast eigi við.

Tæknin hefur einnig verið nýtt í félagsmiðstöðinni Selinu til að hafa samband við ungmennin og nokkur skákmót hafa verið haldin fyrir grunnskólanema í gegnum netið sem er gott dæmi um frumkvöðlastarf í þessu ástandi.

Nú hyllir undir að hefðbundið skóla- og frístundastarf hefjist á nýjan leik eftir 4. maí að mestu án takmarkana þó gæta þurfi að þrífum og sóttvörnum. Skólaneftnd þakkar

stjórnendum, kennurum og öðru starfsfólki leikskóla, grunnskóla, tónlistarskóla, frístundar og félagsmiðstöðvar fyrir þeirra framlag við erfiðar aðstæður skólastarfi undanfarnar vikur.

Það verður fróðlegt að sjá hvernig síðustu vikur muni skila sér inn í breytta kennsluhætti með aukinni notkun á tækninni. Ég er sannfærð um að svo muni verða. Allt menntakerfið hefur brugðist við og starfsfólk verið tilbúið að leggja sitt af mörkum til að nýta tæknina. Nemendurnir eru fljótir að tileinka sér tæknina og oft á tíðum komnir mun lengra en við sem eldri erum í þessu. Það verður því forvitnilegt að sjá hvort við getum nýtt okkur þessa óvanalegu tíma til góðs og nýtt það besta úr fjarkennslu samhliða hefðbundnu skólastarfi.

Ég vil sérstaklega þakka foreldrum, nemendum og kennurum fyrir samstarfið á þessum erfiðu tímum.

Sigrún Edda Jónsdóttir formaður skólaneftdar Seljarnamess.



ER PLANIÐ SKÍTUGT?

ISLENSKA GAMAFELAGIÐ

- GÖTUSÓPUN
- ÞVOTTUR
- MÁLUN

Fáðu tilboð í s: 577 5757
www.gamafelagid.is

Liður þér illa í hjartanu?
1717

opinn - trúnaður - ókeypis + Auðki kross Íslands

Gerðu góðverk í dag

907 2002

Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

Búsetukjarni fyrir fatlaða við Kirkjubraut



Skipulags- og umferðarnefnd Seltjarnarnesbæjar hefur heimilað skipulags- og byggingarfulltrúa að leggja fram tillögu að breytingu á aðal- og deiliskipulagi með hliðsjón af ábendingum sem bárust við deiliskipulag Valhúsahæðar, aðliggjandi útivistarsvæða og uppbygging þjónustuíbúðar við Kirkjubraut 20.

Breytingin felur í sér að gert er ráð fyrir byggingu búsetukjarna fyrir fatlað fólk á nýrri lóð við enda Kirkjubrautar, Kirkjubraut 20. Verkefnislýsing var auglýst með athugasemdafresti til 21. febrúar sl. Alls bárust fimm athugasemdir og tvær umsagnir.



HÚSAVIÐGERÐIR.IS

ALHLIÐA MÚR- OG STEYPUVIÐGERÐIR

Hafðu samband
Við skoðum og gerum tilboð!

www.husavidgerdir.is/hafa-samband
info@husavidgerdir.is - Sími 565-7070



Finndu okkur á
Facebook



www.systrasamlagid.is

UMHVERFISDAGAR Á SELTJARNARNESI 4. - 11. MAÍ 2020

Seltirningum gefst kostur á að setja trjágreinar og jarðvegsúrgang í gáma á fimm stöðum í bæjarfélaginu frá 4. - 11. maí nk.

Gámarnir verða staðsettir við **Smábátahöfnina**, á horni **Lindarbrautar** og **Norðurstrandar**, **Eiðistorgi**, **Austurströnd 1 (bílaplan)** og við **Sæbraut 2 (bílaplan)**. Við hvetjum jafnframt bæjarbúa til að huga að umhverfinu og tína upp rusl í bæjarlandinu.

Umhverfisnefnd Seltjarnarness



SELTJARNARNESBÆR



UMHVERFISHORNID



Friðlandið Gróttta

Að gefnu tilefni vill umhverfisnefnd Seltjarnarness ítreka að ferðabann um friðlandið við Gróttu stendur frá 1. maí – 15. júlí ár hvert en utan þess tíma er svæðið öllum opið. Landverðir frá Umhverfisstofnun gæta friðlandsins í sumar en í gegnum tíðina hefur ferðabannið ítrekað verið virt að vettugi með neikvæðum áhrifum á fuglalífið. Notkun fjarstýrðra loftfara (dróna) á varptíma er ekki æskileg. Lausaganga hunda er bönnuð á Seltjarnarnesi og gildir hundabann í Gróttu allt árið. Óheimilt er að vera með hunda á vestursvæðunum á varptíma og eru kattaeigendur hvattir til að setja á ketti sína bjöllu og halda þeim innandyrna þar til varptími er yfirstaðinn. Vert er að vekja athygli Seltirninga á því að gefa ekki fuglum við Bakkatjörn brauð á sumrin þegar ungar eru að komast á legg þar sem það getur orðið þeim að aldurtíla vegna afráns. Við hvetjum jafnframt bæjarbúa til að huga að umhverfinu og tína upp rusl í bæjarlandinu. Göngum vel um friðlandið og forðumst eftir fremsta megni að trufla fuglalífið.

Hannes Tryggvi Hafstein
Formaður umhverfisnefndar

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

Auðbrekku 1, Kópavogi

SÍÐAN 1996



ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNsla



Sverrir Einarsson



Margrét Á. Guðjónsd.



Kristín Ingólfsdóttir



Hannes Ó. Sampsted

Símar allan sólarhringinn: 581 3300 & 896 8242 • www.utfarin.is
Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er.

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242



FÉLAGS- OG TÓMSTUNDASTARF ELDRI BÆJARBÚA

GLEÐILEGT SUMAR

HLÝÐUM VÍÐI. VIRÐUM FJARLÆGÐARMÖRK OG SAMKOMUBANN. ÞVOUM OG SPRITTUM.

Nú þegar þessar línur eru skrifaðar þann 21. apríl höfum við aðeins fengið smá nasasjón af því sem gerist í okkar starfi eftir 4. maí. Einhverjar tilsakanir verða gerðar en þær verða alltaf háðar fjöldatakmörkunum og tveggja metra reglunni. Þannig, eins og staðan er núna þá getum við vonandi haldið áfram með ákveðna liði í starfseminni, öðrum liðum er óhjákvæmilega lokið á þessum vetri og verða teknir upp aftur í haust. Tíminn fram að 4. maí verður nýttur til að útfæra það nánar.

En það sem skiptir öllu máli núna er að halda heilsu og losna við að veikjast af veirunni, vera bjartsýn og sýna þolinmæði.

HANDVERKSSÝNINGUNNI FRESTAÐ TIL HAUSTSINS

Handverkssýningin sem fyrirhuguð var í lok maí frestast til haustsins og stefnum við að því að hefja haustdagskrána með sýningunni sem verður örugglega skemmtilega öðruvísi en við eigum að venjast.

SAMSKIPTI, SAMTÖL OG SÖKNUÐUR

Síðustu daga og vikur höfum við heyrt í öldruðum einstaklingum víðs vegar um bæjarfélagið sem verið hafa þátttakendur í félags og tómstundastarfinu. Ýmist hafa samskiptin átt sér stað með beinum heimsöknum eða símtölum. Það sem einkennt hefur öll þessi samskipti er æðruleysi og bjartsýni. Auðvitað örlar á ákveðnum leiða og kvíða varðandi ástandið og eðlilega hefur fólk áhyggjur af sínu fólki. En heilt yfir þá eru allir mjög meðvitaðir, passasamir og vongóðir á framhaldið og bíða eftir sumrinu. Fólki hefur staðið til boða að senda fyrirspurnir eða ábendingar í gegnum fb síðuna. Einnig má senda póst á Kristínu á netfangið kristin.hannesdottir@seltjarnarnes.is eða hringja í síma 893 9800. Nokkrir hafa haft samband sem er ánægjulegt.

Um leið og heimildir verða rýmkaðar þá höldum við ótrauð áfram og gerum eitthvað skemmtilegt. Allt verður þó innan þeirra marka sem okkur verða sett eins og áður segir. Það eru ýmsar hugmyndir í gangi varðandi dagskrá og komum við til með að leggja áherslu á útiveru og hreyfingu til að byrja með. Hvetjum fólk til að fylgjast með auglýsingum í Morgunblaðinu bæði í blaðaútgáfu og netútgáfu og einnig má fylgjast með á fb síðunni eldri bæjarbúar á Seltjarnarnesi og Nesfréttum. Og svo um leið og allt opnar þá eru allir aftur velkomnir að kíkja við í aðstöðu félagsstarfsins á jarðhæðinni á Skólbraut 3-5.

Þess má geta hér að á undanförunum vikum og mánuðum hafa nokkuð margir af okkar dyggu þátttakendum í félags og tómstundastarfinu látist eða flust á hjúkrunarheimili. Það er söknuður og missir af þessu fólki og sendum við samferðafólki, ættingjum og vinum hlýjar kveðjur.

GLEÐILEGT SUMAR

Megi kærleikurinn verða leiðarljósið okkar næstu daga og vikur. Starfsfólk félags og tómstundastarfsins sendir ykkur öllum bestu kveðjur og við vonumst eftir að hitta ykkur öll sem fyrst. Óskum ykkur góðrar heilsu og gleðilegs sumars.

RECARO

Barnabílstólar í úrvali



BÍLASMIÐURINN HF

Bildshöfða 16, 110 Reykjavík - Sími: 567 2330 - www.bilasmidurinn.is

Breyttir lífshættir

Svo virðist sem við efumst ekki um lífshætti okkar og gildismat nema þegar við stöndum frammi fyrir spurningum um líf eða dauða. COVID-19 hefur að minnsta kosti haft slík áhrif. Sáð fræi efasemda í huga okkar. Við höfum öll lítið í spegil undanfarnar vikur og ekki bara af því okkur leiðist.

Það þarf ekki að lesa íþróttafréttir lengi til að sjá að íþróttirnar, þ.m.t. knattspyrnan, glíma í örvæntingu við að halda sínum sess, sumpart sjálfskipuðu mikilvægi í samfélaginu. Lífið og líffræðin hefur hins vegar minnt okkur óþyrmilega á mikilvægi raunsæis; við flýjum ekki veruleikann.

Sjálfsagt er mörgum það þungbært að þurfa að viðurkenna að leikurinn sem við elskum er léttvægur þegar við stöndum frammi fyrir alvarlegri vá. Það hvarflaði ekki að okkur, að það þyrfti ekki kröftuga tæklingu til að stöðva knattspyrnumann í bullandi sókn, heldur fyrir mæli Víðis Reynissonar lögreglufultrúa. Áhyggjur af liðsvali þjálfara, frammiöldu leikmanna eða úrslitum leikja, hverfa einfaldlega eins og döggr fyrir sólu þegar líf og heilsa eru í forgangi.



Í þessu ljósi þurfum við að líta íþróttaiðkun barna. Æ fleiri gera sér vonandi betur grein fyrir að hún er barnaleikur. Jafnvel þeir sem áður sáu hana sem tæki til persónulegra landvinninga. Börnin hljóta að hafa fundið þetta líka þegar þau fylltu götur og garða til að leika sér með boltann hvert á sinn hátt, til að æfa sig, skemmta sér og stytta daginn.

Við þessar aðstæður hljótum við að hafa öðlast betri skilning á því hvaða þýðingu Gróttu og knattspyrnan hefur fyrir okkur. Hvað það er sem íþróttin og félagið gerir raunverulega fyrir börnin, fyrir okkur sjálf og fyrir samfélagið okkar.

Hún hefur kennt okkur gildi sameindni gegn erfiðum andstæðingi. Það er betra að takast á við mótlæti í sameiningu. Krakkarnir hafa fundið leiðir til að hafa samskipti og leika sér við gjörbreyttar aðstæður. Þjálfararnir hafa sýnt ábyrgð og útsjónarsemi í störfum sínum. Foreldrarnir hafa haldið áfram að styðja við hakið á félaginu og sjálfbóðaliðarnir í stjórn sýnt seiglu og auðmýkt á erfiðum tímum. Við höfum öll gert þetta saman.

Knattspyrnan gefur líka tilgang. Börnin hafa drifið sig í að klára heimavinnuna úr skólanum til að

sinna heimaverkefnum frá Gróttu. Sent boltann í vegg tímunum saman af áhuga og þrótti á meðan þau láta sig dreyma, rétt eins og þjálfarnir okkar sem hafa haldið vídeóáfingar og sýnt metnað í að sinna starfi sínu fyrir börnin.

Síðast en ekki síst gefur knattspyrnan okkur von. Barn með lítið sjálfstraust getur með góðri leiðsögn fundið sína rödd sem hluti af liðsheild. Ungur þjálfari getur lært að leiðtogahæfni í stað þess að vera áhangandi eða fylgjandi. Félagið okkar getur þjappað samfélaginu saman og vísað veginn í öðrum málum. Í Gróttu höfum við sýnt, að saman getum við fært fjöllum, skrifað sögur sem venjulega er bara að finna í ævintýrum.

Þótt knattspyrnan varði ekki líf eða dauða, eigum við að taka fagnandi öllu sem hún gefur okkur, m.a. hvíld frá öllum hversdagsins. Þegar við stígum aftur inn á völlinn með hækkandi sól, vona ég að við sjáum gildi íþróttarinnar, fyrir hvað hún stendur og það sem Gróttu gefur okkur.


*Chris Brazell
Yfirþjálfari yngri flokka
Knattspyrnudeildar Gróttu*

SNYRTUM GRÓÐUR VIÐ LÓÐARMÖRK

Fjölbreyttur garðagróður fegrar umhverfi Seltjarnarness og veitir íbúum skjól í görðum sínum. Þar sem gróðurinn vex ár hvert er nauðsynlegt að huga vel að því að hann vaxi ekki út fyrir lóðarmörk eða slúti þannig yfir að hætta stafi af.

Gróður getur slegist í gangandi og hjólandi vegfarendur með tilheyrandi hættu á slysum. Einnig geta greinar skyggt á umferðarmerki, götumerkingar eða jafnvel götulýsingu.

Snyrta þarf gróður og klippa þannig að hvers konar umferð gangi greiðlega. Best er að gera það þegar tré og runnar eru ekki laufguð og greinabygging því vel sýnileg.



SELTJARNARNESBÆR
UMHVERFISNEFND

Stöndum saman um að minnka hættur í umhverfi okkar.



Yngri stelpur með meistaraflokkki kvenna



Tengslin hafa verið efla milli meistaraflokks kvenna og yngri flokka. Þjálfarar meistaraflokks kvenna, þeir Magnús Örn Helgason og Pétur Rögnvaldsson, hríntu af stað nýju verkefni í febrúar sem stuðlar að því að efla tengsl milli meistaraflokks og yngri flokka.

Nokkrum sinnum í mánuði verða tveimur duglegum stelpum úr 4. eða 5. flokki boðið að mæta á meistaraflokksæfingu. Stelpurnar kíkja inn í klefa fyrir æfingu og sitja stuttan fund með liðinu, taka svo þátt í upphitun og léttum boltaæfingum. Verkefnið fór af stað á í lok febrúar þegar þær Nína og Auí úr 5. flokki voru með á meistaraflokksæfingu og stóðu sig með eindæmum vel!

Gróttumót 7. flokks í þriðja sinn



Gróttumót 7. flokks karla var haldið í þriðja sinn á Vivaldivellinum sunnudaginn 8. mars sl.

Sólin skein á Vivaldivellinum þegar 250 drengir víðsvegar af landinu spiluðu fótbolta af kappi. Gróttu, Víkingur R., KR, ÍR, Leiknir R., Hamar, Álftanes, Skallagrímur og KFR tefldu fram liðum á mótinu sem gekk vonum frammar. Allir þátttakendur fóru glaðir heim með Floridana sáfa, medalíu og gjafabréf á Hamborgarafabrykkuna.

Benedikt Bjarnason tók liðsmyndir á mótinu en þær má allar finna á facebook síðu knattspyrnudeildarinnar.

Kári Þjálfar meistaraflokk kvenna

Kári Garðarsson hefur verið ráðinn þjálfari meistaraflokks kvenna í handbolta hjá Gróttu til næstu þriggja ára. Undir stjórn Kára varð liðið tvívegis Íslandsmeistari á árunum 2013 til 2017.

Kári tekur við liðinu af þeim Davíð Erni Hlööðverssýni og Arnari Jóni Agnarssýni. Kári stýrði liði Fjölnis í úrvalsdeildinni á síðustu leiktíð en Grafarvogslíðið féll úr deildinni í vetur. Árið áður fór Fjölnir upp í efstu deild undir stjórn Kára.

Kári hefur starfað lengi við þjálfun hjá Gróttu og meðal annars stýrt báðum meistaraflokkum félagsins en hann náði góðum árangri með kvennaliði á tímabil 2013 til 2017 þar sem hann gerði liðið meðal annars að tvöföldum Íslandsmeisturum. Með ráðningu Kára er framhaldið þeirri stefnu sem unnið hefur verið að í handbolta á Seltjarnarnesi en Kára er ætlað að taka næsta skref í því að koma kvennaliði félagsins aftur í efstu deild og í fremstu röð á næstu árum.



Kári Garðarsson
þjálfari meistaraflokks
kvenna.

Gróttu/KR piltar í hæfileikamótun



Frá vinstri: Hannes Pétur Hauksson, Hrafn Ingi Jóhannsson, Alex Kári Þórhallsson, Antoine Óskar Pantano, Gísli Örn Alfreðsson, Viðar Sigurjón Helgason.

Þessir sex piltar frá Gróttu/KR eru í 39 manna æfingahópi sem kallast Hæfileikamótun HSÍ og Bláa lónsins fyrir 2006 árganginn.

Síðasta æfingahelgi piltanna var 28. febrúar til 1. mars sl. og gengu æfingarnar vel. Þessir vösku piltar eru hluti af efnilegu liði Gróttu/KR í 5. flokki karla sem lenti í 2. sæti 1. deildar á síðasta deildarmóti.



Húsfélagapjónusta

Leiðandi í hagkvæmni og rekstri húsfélaga

- ✓ Bókhald og fjármál
- ✓ Húsfélagafundir
- ✓ MÍNAR SÍÐUR
- ✓ Þjónustusaga húss
- ✓ Önnur þjónusta



• EIGNAUMSJÓN www.eignaumsjon.is



Sími: 588 9705
www.skautaholl.is

Opunartímar:

Mánud. þriðjud. og miðvikud.
13:00-14:30

Fimmtudaga
13:00-14:30 og 17:00-19:30

Föstudaga
13:00-14:30

Laugardaga og sunnudaga
13:00-17:00

Skólar og sérhópar:

Mánudag til föstudags 10:00 til 15:00.

VOR Í LOFTI!



Mikið úrval. Einstök gæði. Sterk siðvitund.



Íslenskur aðalbláberjalatte fyrir ónæmiskerfið og hjartað.

Acai skál og allskyns grautar.



Möntruskart. Hringir. Hálsmen. Armbönd.

Dekraðu við húðina með Wild Grace. Hárnákvæm blanda jurta og olía.



Landsins mesta úrval af korkjógadýnum. Korkurinn er framtíðin. Þú þarft aldrei jógahandklæði.



Afgreiðslutími:
Mán: 11-16
Þri-fös: 11-18
Lau: 11-16

ÓÐINGSGÖTU 1, REYKJAVÍK
systrasamlagid.is
@systrasamlagid
Sími: 511 6367



Gróttu Kaffimál*
kr. 3.000



Gróttu Húfa
kr. 2.500



Gróttu Trefill
kr. 3.000



Errea gulir sokkar
kr. 1.500

*Frí áfylling á leikjum í sumar

SUMARGJAFIR FYRIR VÖLLINN



Prennan:

Gróttu húfa, trefill og kaffimál
Alls kr. 7.500



Pantanir berast á: gullijons@grottasport.is
eða í síma: 561-1133

Leggja inn:
Reikningsnúmer: 0512-14-400501
Kennitala: 5001922679

Frí heimsending í póstnúmer 170 og 107

Nesfréttir www.borgarblod.is



Garða- og
tómstundakerrur
frá:
155.900 kr.

BRENDERUP GÆÐAKERRUR Í BÍLANAUST

Brenderup kerrur leysa allar tegundir flutninga enda er úrvalið mjög fjölbreytt. Þær eru fyrir löngu búnað að sanna sig við íslenskar aðstæður sem harðgerðar, öruggar og vel smíðaðar kerrur með góða akstursegginleika. Komdu í Bílanaust og fáðu upplýsingar um Brenderup kerrur.



Tækjakerrur
frá:
1.359.900 kr.

Íönaðarkerrur
frá:
319.900 kr.



Bílaust
Á FULLRI FERÐ

STÓRVERSLUN
DVERGSHÖFÐA 2
110 Reykjavík
S. 535 9000

Vatnagörðum 12
104 Reykjavík
S. 535 9000

Dalshrauni 17
220 Hafnarfirði
S. 555 4800

Hafnargötu 52
260 Reykjanesbæ
S. 421 7510

Hrísmýri 7
800 Selfossi
S. 482 4200

Furuvöllum 15
600 Akureyri
S. 535 9085

Sólvangi 5
700 Egilsstöðum
S. 471 1244

www.bilanaust.is